

BÓKUN 42
UM TVÍHLIÐA FYRIRKOMULAG VARÐANDI
TILTEKNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Samningsaðilar hafa í huga að á sama tíma og þessi samningur er gerður hafa tvíhliða samningar um viðskipti með landbúnaðarafurðir verið undirritaðir. Þessir samningar, sem þróa frekar eða fela í sér viðbætur við áður gerða samninga samningsaðila og eru enn fremur meðal annars til vitnis um samþykkt sameiginlegt markmið þeirra um að draga úr félagslegu og efnahagslegu misræmi milli svæða, skulu öðlast gildi í síðasta lagi um leið og þessi samningur.